



Foreldrafélag Áslandsskóla

Kt. 510402-2510

Krúási 1, 221 Hafnarfjörður

Bæjarstjóri, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Formaður fræðsluráðs, Eyjólfur Sæmundsson

Erindi: Kennslustofur vantar í Áslandsskóla, viðbótarbygging með fjórum kennslustofum og íþróttasal.

Árið 2001 var Áslandsskóli tekinn í notkun og á þessum árum sem liðin eru hefur nemendafjöldi skólans aukist með hverju árinu og sprengt utan af sér húsnæðið. Í dag eru nemendur um 550 . Hverfið er ekki fullbyggt og enn eru fjölskyldur að flytja í hverfið. Skólayfirvöld Áslandsskóla og foreldrafélag Áslandsskóla hafa á undanförnum árum lagt fram margar fyrirspurnir og sent bæjaryfirvöldum nokkur bréf, áskoranir og undirskriftarlista er varða húsnæðisvanda Áslandsskóla.

Leysa þarf úr húsnæðisvanda Áslandsskóla strax. Langtíma úrræði eins og viðbótarbygging með fjórum kennslustofum og íþróttasal er besta lausnin til langs tíma litið. Fjölgun bekkjardeilda næstu ára sýnir að fleiri bekkir munu bætast við en ljúka námi.

En hvernig er staðan þennan skólavetur 2013-2014?

Fyrirlestrarsalur notað sem heimastofa og liggar undir skemmdum þar sem ekki var gert ráð fyrir í húsgögnum og búnaði að þetta væri stofa sem væri í notkun 8 kennslustundir á dag, lítið eldhús er notað sem heimastofa sem takmarkar fjölda nemenda í þann bekk , raungreinastofa eru notuð sem heimastofa og þar af leiðandi ekki hentug sem slík vegna ýmissa tækja og tóla sem þar eru, rými til list- og verkgreina er mjög lítið og mjög kostnaðarsamt að hafa það í færarlegu formi, öll hópherbergi eru notuð til sérkennslu og undir námsráðgjafa þannig að hópavinna ýmis sem færi jafnan þar fram eru á göngum skólans og verða fyrir miklu ónæði, félagsmiðstöð er í hópherbergi, heilsdagsskólarými er allt of lítið og rúmar ekki þann fjölda sem þar er, aðstaða fyrir unglings er engin .Nú þegar eru þrjár lausar kennslustofur á skólalóðinni.

Þetta hefur bein áhrif á stundatöflugerð, bæði hvað varðar lengd á skóladegi nemenda, sem er nú þegar sa lengsti í Hafnarfirði, erfiðleika í töflugerð kennara, bein áhrif húsnæðisvanda á faglegt starf , aukið álag á kennara að vera að kenna í ýmsum rýmum, dýr akstur í íþróttir og sund, fjöldi skólaliða er allt of litill þar sem starfssemin dreifist um allt húsið og rútufulgd þarf í íþróttir og sund, oft rúta á two staði í einu og lóðaskerðing mjög mikil.

Haustið 2014 stefnir í tveggja bekkja fjölgun.

Haustið 2015 stefnir í tveggja bekkja fjölgun.

Húsnaðisvandi Áslandsskóla leiðir til vandamála er varða bekkjarstærðir og spryjum við hvort starf verður faglegra eftir því sem fleiri nemendur eru á kennara? Verður kennslan betri eftir því sem aukið álag er sett á kennara? Verða námskilyrði barna betri ef skólastofurnar verða þéttsetnar, loftlausar og engin tækifæri eru til að athafna sig eins og staðan er í list- og verkgreinum. Hópavinna nemenda er mikilvæg í námi þeirra en gerir þá vinnu illmögulega þar sem hópherbergi skólans eru notuð undir aðra starfsemi.

Íbúar í Áslandi hafa fest kaup á húsnaði m.a. svo að börn þeirra gangi í Áslandsskóla. Fyrri nokkru síðan gerði Hafnarfjarðarbær símakönnun meðal íbúa í Áslandi 3 um hvort þeir myndu vilja setja börn sín í Setbergsskóla þar sem Áslandsskóli væri orðinn fullsetinn. Rúmlega 90% aðspurðra svöruðu því neitandi. Það er ekki lausn að flytja nemendur í annað skólahverfi. Viðbútarhúsnaði þarf að byggjast við Áslandskóla, eins og það var áætlað í upphafi á teikningum skólans, hið fyrsta.

Ef þetta er dregið saman þá mun húsnaðisvandi Áslandsskóla leiða til vandamála t.d. er lítur að bekkjarstærð, lengd stundatöflu og uppfyllingu á viðmiðunarstundaskrá t.d. varðandi list- og verkgreinar. Húsnaðisvandi Áslandsskóla hefur áhrif á líðan barna, kennara og alls starfsfólks sem og starfsemi frístundaheimilis.

Af þessu má sjá að það er staðreynd að nemendur í Áslandsskóla sitja ekki við sama borð og aðrir grunnskólanemendur í Hafnarfirði hvað varðar skólahúsnæði og lengd skóladags. Í 13. gr. *laga um grunnskóla 2008/nr. 91* segir um rétt nemenda að „Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan.“ Í *Skólastefnu Hafnarfjarðar* (2009 bls. 11) stendur jafnframt að „Skólalóðir eru hluti af námsumhverfi skólanna og skulu taka mið af nemendafjölda viðkomandi skóla (...) Öll starfsaðstaða nemenda og starfsfólks á að vera aðlaðandi, hvetjandi og vel tækjum búin. (...) Rými sé til staðar í skólum fyrir alla kennslu skv. kröfum í aðalnámskrá.“ Því miður er þessu ekki að fara fyrir í Áslandsskóla. Húsnaðið er of lítið fyrir þann fjölda sem er til staðar í dag og fyrir þann fjölda sem koma skal í náinni framtíð.

Við óskum því eftir að úr þessu verið bætt nú þegar með byggingu á fjórum kennslustofum ásamt íþróttasal við skólann.

Virðingarfyllst,

Sveinborg Petrina Jensdóttir

f.h. Foreldrafélags Áslandsskóla

Sveinborg Petrina Jensdóttir